

Akraneskaupstaður

Bæjarráð

Dalbraut 4

Akranes 14. október 2021

Efni: Ósk um kaup á Apple I pöðum

Óskað er eftir fjárheimild til kaupa á 15 stykkjum af Apple I pöðum fyrir kennslu í hönnun og forritun í Brekkubæjarskóla.

Ekki verður hægt að nýta smíðastofuna í Brekkubæjarskóla á næstu misserum vegna rakaskemmda og viðgerða og því er ekki hægt að kenna smíði innan skólans. Skólastjórnendur hafa því ákveðið að kennd verði hönnun og forritun í stað smíðakennslu en til þess að sú hugmynd gangi upp þá þarf að kaupa 15 stykki af Apple I pöðum með 10,2 tommu skjá. Skólastjórnendur telja þetta hagkvæmustu leiðina í stöðunni.


Kostnaður við kaup á 15 I pöðum eru kr. 939.285 m. vsk.

Kostnaður við kaup á 15 MDM leyfum eru kr. 62.003 m. vsk.

Samtals kr. 1.001.288 m. vsk

Þessi fjárfesting rúmast ekki innan fjárheimildar Brekkubæjarskóla og því er óskað eftir fjárheimild til þessara kaupa.

Virðingarfyllst,



Arnbjörg Stefánsdóttir

Skólastjóri Brekkubæjarskóla.